

OUTLET

SKÓR

Stórlækkað verð á útsöluvörum

Lækkað verð
6900



Dömu æfingaskór
St. 36-41

Stór lækkað verð
5900



Dömu kuldaskór
St. 36-41

Stór lækkað verð
3900



Stráka skór
St. 27-35

Lækkað verð
7900



Herra skór
St. 40-46

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407

Snyrtivörur úr auðlindum hafsins

- Vilja nýta jákvæða ímynd Íslands við markaðssetningu
- Blanda saman kremum og fæðubótarefnum í einum pakka
- Margt mætti gera til að bæta fjárfestaumhverfið hérlandis

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Von er á áhugaverðri viðbót við snyrtivöruflórana þegar vörurnar frá Ankra koma á markað. Ankra er ungt sprotafyrirtæki sem stefnir að framleiðslu og sölu snyrtivara sem nýta fegrandi efni úr sjávarafurðum. Gerir það vörurnar mjög nýstárlegar að setja saman í einn pakka krem og smyrsl annars vegar og fæðubótarefni hins vegar, til að vinna bæði innan frá og utan að bættu útliti. Vefsíðan Ankra.is er væntanleg í loftið innan skamms.

Hrönn Margrét Magnúsdóttir er framkvæmdastjóri Ankra en starfði áður hjá Össuri, m.a. með starfsstöð í Sjanghæ. „Þetta ævintýri byrjaði þannig að ég var með aðsetur í frumkvöðlasetrinu Sjávarklasanum. Þar vakir Þór Sigfússon yfir starfseminni og boðaði mig og Kristínu Yrí Pétursdóttur, grafískan hönnuð, á fund til sín einn daginn þar sem umræðu-efnið var möguleikar til notkunar sjávarafurða í snyrtivörum, og hugsunin sú að skapa meiri verðmæti úr aflanum,“ útskýrir hún. „Ég lagðist í smárannsóknar-

vinnu, og ýmsar góðar hugmyndir kviknuðu, svo að á endanum varð það úr að stofna félag ásamt Kristínu í kringum það sem síðar varð Ankra. Fengum við þá til liðs við okkur Ásu Maríu Þórhallsdóttur snyrtifræðing til að hafa snyrtivörusérfræðing í teyminu.“

Fegrandi ensím

Að sögn Hrannar leynast ýmis nytsamleg efni í sjávarfangi og bæði innlendir og erlendir framleiðendur hafa náð góðum árangri í að vinna fegrandi og heilsuþætandi efni s.s. úr meltingarensímum þorsks og úr fiskroði. Ankra mun bæði kaupa tilbúin efni til blöndunar snyrtivara og eiga í samstarfi við framleiðendur og rannsóknarstofur um frumvinnslu innihaldsefna. „Við réðum til okkar þálfreyndan efnafræðing sem hefur margra ára rannsóknarvinnu að baki sér og á þessu stigi erum við að framkvæma prófanir á ýmsum blöndum. Eru það einkum ættingjar og vinir sem fá að taka að sér hlutverk tilraunadýrsins. Þær blöndur sem sýna bestu virknina verð svo á endanum að framleiðsluvöru.“

Fyrstu pakkningarnar ættu að birtast í hillum verslana fyrir haustið, gangi áætlanir eftir. Fyrstu vörurnar verðar ætlaðar til að stemma stigu við hrukku, húðblettum og bæta rakastig húðarinnar.

Stefnan er sett á erlenda markaði og segir Hrönn að vörurnar frá Ankra eigi ekki aðeins að njóta góðs af sýnilegum áhrifum á áferð húðarinnar. Það eigi líka að geta skapað vörum sérstöðu að vera íslensk framleiðsla, og eins að snyrtivörum og fæðubótarefnum er blandað saman í eina vöru. „Við höfum m.a. augastað á Japansmarkaði. Þar eru neytendur almennt mjög hrifnir af hvers kyns sjávarvörum og hafa jákvætt viðhorf í garð Skandinavíu og Íslands.“

Sneiða hjá skrifvinkunni

Að framleiða snyrtivörur og fæðubótarefni kallar á að vaða í gegnum frumskóg af reglum og leyfum. Hrönn segir Ankra geta stýtt sér leið á sprotastiginu með því að eftirláta viðurkenndum og vottuðum framleiðendum að blanda kremi og fæðubótarefni.

Bílalakk



Bjóðum uppá heildarlausnir í bílamálun frá DuPont og getum blandað liti fyrir allar gerðir farartækja




Blöndum alla bílaliti og setjum á spreibrúsa



Skeifan 2 • Sími 530 5900 • www.poulsen.is

Kínversk lúxushótel vilja losna við eina stjörnu

Aðhaldsaðgerðir kínverskra stjórnvalda hafa haft óvæntar afleiðingar í hótélgeiranum þar í landi.

Almennt er reglan sú að hótél reyna að skarta sem flestum stjörnum, og alla hótélstjóra dreymir um að stýra fimm stjörnu gístað. Í Kína reyna þó fimm stjörnu hótél nú að fækka stjörnunum niður í fjórar, því ríkið hefur bannað starfsmönnum hins opinbera, og starfsmönnum ríkisfyrirtækja, að versla við fimm stjörnu hótél.

Stjórnvöld lögðu í fyrra blátt bann við viðskiptum við fimm stjörnu hótél og var það hluti af stærri hagræðingarpakka. Boðaði sú breyting ekki gott fyrir finustu hótél þar sem allt að 60% af veltu höfðu fram að því komið frá gestum á vegum hins opinbera og fyrirtækjum í eigu ríkisins.

Ekki aðeins gístihlutinn varð fyrir áfalli heldur hefur veisluhlöðin líka gildið fyrir aðhaldið, því ekki má halda matarboð og veislur á fínu hótélunum. Drógust tekjur af veisluþjónustu kínverskra hótela saman um 17,2% á síðasta ári, að því er CNBC hefur eftir gögnum



AFP

Ljós Eigendur kínverskra hótela deyta ekki ráðalausir og laga sig að aðhaldi ríkisins. Götumynd frá Sjanghæ.

frá samtökum hótela þar í landi. Tekjur í hótélrekstri drógust saman um 25% á sama tíma.

Fréttastofan Xinhua greinir frá því að á liðnu ári hafi 56 fimm stjörnu hótél í Kína beðið um að vera „lækkuð í einkunn“ niður í fjórar stjörnur, og þannig greiða leiðina fyrir gesti á vegum hins opinbera. ai@mbl.is

Sala hjá Gillette staðnar vegna skeggtísku

Snyrtivörurinn Procter & Gamble birti ársfjórðungsskýrslu sína á föstudag. Kemur þar m.a. fram að sala á Gillette-rakvélum hefur staðið í stað milli tímabila. Er það talið skýrast af því að annars vegar hefur hluti neytenda fært sig yfir í einnota rakvélur og hins vegar að sú tíska hefur breiðst út víða á Vesturlöndum að menn láta sér vaxa myndarlegt skegg frekar en að raka sig daglega.

Fjármálavefur CNN fjallar um málið og rekur skeggbylgjuna til ársins 2003 þegar skeggátaki var hleypt af stokkunum þar í landi til að vekja almenning til vitundar um blöðruhálskrabbamein. Hefur síðurinn breiðst út þaðan, sem

„Movember“ í enskumælandi löndum en Mottumars á Íslandi.

Ef skeggtískan helst óbreytt er samt ekki öll nótt úti fyrir herra-deild Procter & Gamble. Á meðan hárin fá að vaxa á andlitinu benda markaðsrannsóknir til þess að rakstur líkamshára sé að færast í vöxt. Könnun sem gerð var á vegum P&G leiddi í ljós að nærri helmingur karla rakar svæðið rétt fyrir neðan nafla, og fimmtungur svarenda rakar bringu, maga og handarkrika.

Þessi þróun gæti boðað gott fyrir seljendur rakstursvara því markaðssetja má sérstakar rakvélur og aukahluti fyrir líkamrakstur. Könnun P&G sýndi þannig að mikill meirihluti þeirra sem



Morgunblaðið/Ásdís

Parfaping Allstór hópur karla hefur valið að hvíla sköfuna og burstann og leyfa skegginu að vaxa.

raka einhvern stað á líkamanum fyrir neðan háls notar til þess að raka rakvél en þá sem notuð er á andlitinu. ai@mbl.is



Morgunblaðið/Pórður

Úthugsað „Viðskiptamódelið gengur út á að nota netið við alla markaðssetningu ásamt því að reyna að fanga athygli þeirra sem skrifa og fjalla um snyrtivörur og fæðubótaefni,“ segir Hrönn (miðju). Kristín er til vinstri og Ása til hægri.

„Þannig leysum við á einfaldan hátt það sem annars yrði mikil skrif-finnsla. Það er svo seinni tíma verkefni, ef allt gengur að óskum, að færa meira af framleiðslunni inn í Ankra. Við sjáum bara hvað setur.“

Þá eru þær stöllur í Ankra að fara inn í geysiharðan heim þar sem samkeppnin er óvægin og stórar

fjárhæðir í spiliinu. Hrönn segir ekki fjármuni til staðar til að kaupa heilsíður í erlendum glanstímaritum eða setja upp veggspjald á Times Square. „Viðskiptamódelið gengur út á að nota fyrst og fremst netið við alla markaðssetningu ásamt því að reyna fanga athygli þeirra sem skrifa og fjalla um snyrtivörur og fæðubótaefni. Það hafa myndast

ótal samfélög á netinu í dag og þar sjáum við mikla möguleika bæði til að auglýsa og fá umfjöllun. Þannig getum við náð að tala beint við þann hóp sem við viljum ná til. Að sjálf-sögðu skiptir líka miklu máli að vera sýnilegur á réttum stöðum. Með því að komast inn í flottar verslanir nær maður að staðsetja vörurnar sem gæðavörur í huga neytenda.“

FJÁRFESTAR EKKI ALLTAF AUÐFUNDNIR

Fjármögnunarmenn- ingin gæti verið betri

Að setja fyrirtæki á laggirnar er aldrei auðvelt, en Hrönn segir það hafa hjálpað Ankra mjög að hafa aðstöðu hjá Sjávarklas-anum. Þar komi saman undir einu þaki fjöldi drifandi og hug-myndaríks fólks, og auðvelt að fá leiðsögn, ábendingar og að-stöð eins og við á.

Að sögn Hrannar er það hindrun fyrir rekstur eins og Ankra að styrkir eru af skornum skammti og fjárfestar ekki alltaf auðfundnir. „Það myndi strax auðvelda ýmislegt ef við störfuðum úti á landi því fleiri styrkir eru í boði fyrir sprota á landsbyggðinni. Þá eru margir af þeim styrkjum sem okkur standa til boða þannig gerðir að það kostar bæði mikinn tíma og vinnu að sækja um, og ekki alltaf ljóst hvort hreinlega borgar sig að senda inn beiðni enda upphæðirnar iðulega ekki svo háar og margt annað sem kallar á athygli og orku frumkvöðulsins.“

Þá segir Hrönn að það hafi oft verið nefnt við aðstand-endur Ankra að réttast væri að stofna fyrirtækið vestanhafs. Þar væri annar og betri háttur á fjárfestingum í sprotafyrirtækjum og bæði fleiri og stærri fjárfestar með þekkinguna og áhugann á að setja peninga í nýtt snyrtivöruleið. „Ég hugsa að það myndi strax

bæta umhverfi íslenskra frumkvöðla mikið ef gerðar yrðu einhverskonar breytingar til að auðvelda fjármögnun, hvort sem það væri t.d. í formi skattaafsláttar fjárfestis eða rýmkun heimilda lífeyrissjóða til að fjárfest í sprotafyrirtækjum.“

Hrönn bendir líka á að ákveðin fjármögnunarleið sem er oft notuð erlendis, svokallað „seed funding“ sé eitthvað sem gott væri að innleiða á Íslandi. Vestanhafs er sú leið algeng þegar fyrirtæki eru á byrjunarstigi. „Fer það þannig fram að fjárfestir leggur til t.d. 10 milljónir og á þar með kröfu sem því nemur á fyrirtækið. Þegar reksturinn er kominn betur á legg er fyrirtækið verðmetið og framlaginu breytt í hlutafé með ákveðnum afsláttarreglum. Með þessu móti má leysa það erfiða vandamál að reyna að verðmeta fyrirtækið strax í byrjun þegar reksturinn er rétt að koma undir sig fótunum. Um leið er iðulega meira svigrúm skilið eftir bæði til að afla frekari fjármögnunar með sölu eignarhluta til fleiri fjárfesta, og eins að stærri eignarhlutur situr eftir hjá frumkvöðlinum sjálfum svo hann hefur meiri persónulegan ávinning af að starfsemin blómstri.“



Átt þú rétt á slysabótum?

Sérfræðingar í líkamstjónarétti

Veitum fría ráðgjöf fyrir tjónpola

Pantaðu tíma: fyrirspurnir@skadi.is



Þ. Skorri Steingrímsson, Héraðsdómslögmaður



Steingrímur Þormósson, Hæstaréttarlögmaður



www.skadi.is

Nethyl 2 110 Reykjavík Sími 568 1245